

083/00 - M.b. Ísleifur VE-63

Ísleifur VE-63, skipverji slasast þegar leiðari lendir í skrúfu skipsins

M.b. Ísleifur VE-63

Skipaskr.nr.: 1610

Smíðaður: í Færeyjum 1976 úr stáli

Stærð: 550,75 brl; 756,00 bt

Lengd: 55,34 m **Breidd:** 9,00 m **Dýpt:** 6,70 m

Vél: Wartsila 2.460,00 kW **Árgerð:** 1997

Annað:

Földi skipverja: 13



Ísleifur ©Pétur H Pétursson

Atvikalýsing

Hinn 4. febrúar 2000 var m.b. Ísleifur VE-63 að togveiðum (loðnuveiðum) út af Austfjörðum. Veður: suð-austan 3-4 vindstig.

Skipverjar voru að hífa inn veiðarfærið þegar leiðari fyrir stertinn fór í skrúfuna og við það slóst lás á enda stertsins í handlegg eins skipverja svo að hann slasaðist.

Skipverjar luku við að taka inn veiðarfærið og var skipinu síðan siglt til hafnar.

Við rannsókn kom fram

- að hinn slasaði sagði að leiðarinn hafi verið gerður úr grönnum vír en hann hefði slitnað í holinu á undan. Þeir hafi því framlengt vírinn með "spotta". Að þessi tegund af "spotta" sem notaður var hafi verið þungur og því sokkið því að ekkert flot hafi verið í "spottanum".

Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í málinu.